

Nd.

463. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 122 30. des. 1943, um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir að greiða eftirlaun, er sérstaklega stendur á um.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Aftan við staflíð d. í 3. mgr. laganna komi nýr staflíður e., er hljóði svo:
Til Jóns Magnússonar, fyrrverandi starfsmanns Tóbakseinkasölu ríkisins, kr. 2000.00 og sömu uppbót sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.

Aftan við síðustu mgr. komi svofelld viðbót: og samkvæmt staflíð e. á rekstrarreikning Tóbakseinkasölu ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Jón Magnússon, sem nú er um áttírett, hefur starfað við ríkisstofnanir um margra ára bil, fyrst við landsverzlunina og síðar við Tóbakseinkasölu ríkisins, þangað til hann lét þar af störfum fyrir skömmu.